

Fulltrúi Í-listans í bæjarráði óskar eftir að fá svör við eftirfarandi spurningum er tengjast niðurlagningu starfa á umhverfis og eignasviði Ísafjarðarbæjar.

Þær skýringar sem gefnar hafa verið á uppsögnunum er að ekki sé um eiginlegar uppsagnir sé að ræða heldur niðurlagninu starfa í samræmi við tillögur í Stjórnsýsluúttekt HLH ehf sem gerð var veturinn 2019 – 2020 og kynnt fyrir bæjarfulltrúum á fundi 7.maí 2020. Það skal áréttað að tillögur skýrslunar voru aðeins kynntar fyrir bæjarfulltrúum, engar tillögur hafa lagðar fram til samþykkis og enginn umræða hefur átt sér stað varðandi þær.

Í lokaorðum skýrsluhöfunda segir: “Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meiri - og minnihluta um þær. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Fram kemur í “uppsagnarbréfum” þessarra starfsmanna að störf þeirra verði lögð niður og því sé ekki um eiginlega uppsögn að ræða. Ekki liggur fyrir nýtt skipurit fyrir Umhverfis og eignasvið og ekki liggur ljóst fyrir hvaða starfsmenn innan sviðsins munu taka að sér þau verkefni umsjónarmaður eignarsvið haft, sem hefur m.a. séð um gerð útboðsgagna vegna viðhalds á eignum sveitarfélagsins og umhverfisfulltrúi hefur hefur haldið utan um málefni umhverfissins innan sveitarfélagsins, t.d. áætlanir og mælingar, verið eftirlitsmaður sveitarfélagsins varðandi sorpsamning, unnið með Heilbrigisefirliti Vestfjarða og séð um ýmsar mælingar fyrir er tengjast losun mengandi úrgans og efna fyrir t.d. Skipulagsstofnun, Hafrannsókanarstofnun og Umhverfisstofnun.

Í bæjarmálastamþykkt Ísafjarðarbæjar kemur fram að “bæjarstjórn fari með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn”

Niðurlagning tveggja starfa á umhverfis- og eignasvið er stefnubreyting og krefst umræðu og samþykkt í bæjarstjórn og ekki hægt að líta á þennan gjörning sem eðlilega starfsmannaveltu.

Því vil fulltrúi Í-listans í bæjarráði fá upplýsingar um:

1. Hvaða valdheimildir bæjarstjóri notaði til að leggja niður tvö störf án umræðu og samþykkt í bæjarstjórn?
2. Er verið að vinna í nýju skipuriti fyrir umhverfis og eignarsvið? Undir hvaða starf munu verkefni Eignarsjóð falla?
3. Hvernig sér meirihluti bæjarstjórnar fyrir sér að fylgja eftir umhverfisstefnu Ísafjarðarbæjar, markmiðum EarthCheck, Grænu skrefunum, og markmiðum Sameinuðu þjóðanna í umhverfis og loftlagsmálum?
4. Hvernig ætla meirihluti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að rökstyðja það að með því að leggja niður starf umhverfisfulltrúa sveitarfélagsins sé ekki verið að minnka vægi umhverfismála hjá sveitarfélaginu?
5. Eru uppi hugmyndir um að bjóða út hluta ef þeim verkefnum sem umsjónarmaður eignarsjóðs sá um t.d. útboðsgerð og eftirlit með útboðsvinnu vegna viðhalds á eigum sveitarfélagsins?

Einnig óskar fulltrúi Í-listans í bæjarráði eftir að fá eftirfarandi upplýsingar.

Því hefur verið haldið fram að yfirmaður eignarsjóðs hafi í nokkur ár óskað eftir starfslokum, m.a. í tölvupósti bæjarstjóra til bæjarfulltrúa þann 29.júní 2020. Við óskum eftir að fá að sjá gögn sem styðja þá fullyrðingu.

Einnig hefur því verið haldið fram að viðkomandi starfsmaður hafi ætlað sér að hætta í síðasta lagi við 65 ára aldur. Við óskum eftir að sjá gögn sem styðja þá fullyrðingu.